




30. maí 2025 / Innviðaráðuneytið

Fjögur verkefni á sviði almenningssamgangna fá úthlutað 27 milljónum



Haraldur Jónasson / Hari

Eyjólfur Ármannsson innviðaráðherra hefur staðfest tillögur valnefndar um verkefnastyrki til almenningssamgangna á milli byggða. Alls bárust sjö umsóknir um styrki að fjárhæð rúmar 74 milljónir. Að þessu sinni er 27 milljónum króna úthlutað til fjögurra verkefna.

Um er að ræða aðgerð A.10 á byggðaáætlun, Almenningsamgöngur milli byggða. Markmið með aðgerðinni að styðja við þróun almenningssamgangna milli byggða, m.a. til að tengja við ýmsa sérakstursþjónustu.

Þriggja manna valnefnd fór yfir umsóknir og gerði tillögur til ráðherra. Verkefnin sem hljóta styrk eru:

Tilraunaverkefni um almenningssamgöngur milli Borgarfjarðar eystra og Egilsstaða.

Umsækjandi: Múlaþing. Styrkur: 17 m.kr.

Sveitarfélagið Múlaþing sækir um tilraunaverkefni til tveggja ára á akstursleiðinni Borgarfjörður eystri – Egilsstaðir þar sem fólks- og farmflutningar munu fylgjast að. Verkefnið er viðbragð við ákvörðun Vegagerðarinnar í júní 2024 um að leggja niður almenningssamgöngur milli þessara tveggja byggðakjarna. Bíllinn mun jafnframt flytja póst frá póstmíðstöð á Egilsstöðum og sinna vöruflutningum. Framlagið er veitt til fólksflutninga hlutans.

Við notum vefkókur á þessum vef

Við notum vefkókur til þess að sýna upp á milli byggða. Umsækjandi: Húnabyggð. Styrkur: 5 m.kr.

Húnabyggð er víðfeðmt og dreifbýlt sveitarfélag þar sem margir íbúar búa fjarri helsta þjónustukiarna. Því er aðgengi barna og ungmenna að íþróttum og tómstundastarfi á Blönduósi oft háð því að foreldrar hafi tök á að aka þeim á íþróttæfingar og í

Stillingar á vefkókum

STAFNA ÖLLUM

LETTA VEFKÖKUR

tómstundir. Þetta skapar ójöfn tækifæri eftir búsetu og getur hamlað virkri þátttöku barna í félagslífi. Til að bregðast við þessu sækir Húnabyggð um styrk til að þróa og efla almenningssamgöngur á milli byggðarlaga innan sveitarfélagsins, með áherslu á samgöngur fyrir börn og ungmenni.

Brúin um Borgarfjörð. Umsækjandi: Borgarbyggð. Styrkur: 2,8 m.kr.

Tilgangurinn með þessu verkefni er að halda áfram að efla og festa í sessi almenningssamgöngur í Borgarfirði og tryggja jafnræði, sér í lagi meðal barna í sveitarfélaginu til þess að sækja nám, íþrótt- og menningarstarfsemi sem og aðra þjónustu í Borgarnesi. Verkefnið er framhald af tilraunaverkefni sem hlaut styrk árið 2021.

Fýsileikakönnun um samþættan sérakstur og almenningssamgöngur í Árnessýslu.

Umsækjandi: Samband sunnlenskra sveitarfélaga. Styrkur: 2,2 m.kr.

Tilgangur verkefnisins er að gera fýsileikakönnun svo hægt sé að greina þarfir og kortleggja almenningssamgöngur og tómstundaakstur í Árnessýslu með tilliti til barna- og unglingastarfs sem og fyrir eldri borgara sem þurfa að sækja þjónustu utan lögheimils. Auk þess er áhugi á því að kanna þann möguleika að samræma tímaáætlanir við skólastarf framhaldsskólanna, annars vegar Menntaskólann að Laugarvatni og hins vegar Fjölbautarskóla Suðurlands. Markmið verkefnisins er að fjölga möguleikum fyrir íbúa í Árnessýslu til skóla, íþróttaiðkunar og sérhæfingar, tónlistarnáms og afþreyingar sem ekki er hægt að sækja í heimabyggð.

Þriggja manna valnefnd fór yfir umsóknirnar og gerði tillögur til ráðherra. Í valnefnd sátu þau Sigurður Árnason, sérfræðingur á Byggðastofnun, sem jafnframt er formaður, Elín Gróa Karlsdóttir, verkefnisstjóri hjá Ferðamálastofu og Snorri Björn Sigurðsson fyrrverandi forstöðumaður þróunarsviðs Byggðastofnunar. Skipun valnefndar og mat umsókna voru í samræmi við reglur um úthlutun innviðaráðherra á framlögum sem veitt eru á grundvelli stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2022-2036.

Efnisorð

BYGGÐAMÁL

SVEITARSTJÓRNIR OG BYGGÐAMÁL

Við notum vefkökur á þessum vef

Við notum vefkökur til bæta upplifun þína á vefnum og til að bæta efni síðunnar. Nánar um vefkökur

Ársskýrsla Náttúrufræðistofnunar - 2024

From Náttúrufræðistofnun - NATT <natt@natt.is>

Date Fri 2025-08-15 14:24

To Náttúrufræðistofnun - NATT <natt@natt.is>

Ágætu viðtakendur

Náttúrufræðistofnun hefur gefið út [ársskýrslu fyrir árið 2024](#). Þetta er fyrsta ársskýrsla sameinaðrar stofnunar og jafnframt síðasta ársskýrsla Náttúrufræðistofnunar Íslands, Landmælinga Íslands og Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn.

Í skýrslunni er farið yfir helstu verkefni ársins, sameiningarferlið og framtíðarsýn nýrrar stofnunar. Einnig er rakin saga stofnananna þriggja sem nú hafa sameinast í eina heild. Þar að auki er gefið yfirlit yfir rekstur stofnunarinnar, með upplýsingum um tekjur, gjöld og stærstu kostnaðarliði.

Árið 2024 einkenndist af fjölbreyttum rannsóknum og verkefnum á sviði náttúruvöktunar, landmælinga og kortagerðar. Mikil vinna fór í undirbúning og framkvæmd sameiningar, þar á meðal samræmingu starfshátta, samþættingu gagna og mótun nýrrar ásýndar.

Ársskýrslan er birt í vefformi sem gerir hana aðgengilega og auðvelt er að fletta á milli kafla og efnisflokka. Einnig er hægt að skoða hana í hefðbundnu pdf-formi. Skýrslan er prýdd fjölda fallegra ljósmynda sem starfsfólk stofnunarinnar hefur tekið.

[Ársskýrsla 2024](#)

Kær kveðja / Best regards



Starfsfólk Náttúrufræðistofnunar
| Staff of the Natural Science Institute of Iceland

Náttúrufræðistofnun | Natural Science Institute of Iceland

Smiðjuvöllum 28 300 Akranesi Iceland

Sími | Tel [+354 430 9000](tel:+3544309000)

www.natt.is

natt@natt.is



Ungmennaráð sveitarfélaga - Hvað er framundan hjá Sambandinu?

From Ingimar Guðmundsson <ingimar.gudmundsson@samband.is>

Date Tue 2025-08-26 13:32

Eftirfarandi tölvupóstur er sendur á öll sveitarfélög. Óskað er eftir því að honum verði komið áfram til starfsfólks sveitarfélaga sem starfa í kringum ungmennaráð sveitarfélaga.

Miðvikudaginn 3. september (kl 10:00-11:30) býður Samband íslenskra sveitarfélaga upp á fund (í gegnum Teams) fyrir starfsfólk sveitarfélaga sem starfar með eða í kringum ungmennaráð sveitarfélaga.

Skráningarhlekkur og ítarlegri upplýsingar eru aðgengilegar með því að smella [hérna](#).

Þessi fundur er hluti af stóru verkefni innan Sambandsins sem felur í sér að Sambandið „styðji við sveitarfélög að koma upp virkum ungmennaráðum, auki samráð við börn og ungmenni og að stjórn sambandsins fundi með ungmennaráðum sveitarfélaganna um málefni sem þau vilja að sambandið vinni að.“ [Sjá stefnumörkun Sambandsins hér.](#)

Við hvetjum því sveitarfélög að tryggja að lágmarki einn fulltrúi komi á þennan fund, óháð því hvort ungmennaráð sveitarfélagsins séu virk eða ekki.

Fundarboð verður sent út þriðjudaginn 2. september til þeirra aðila sem skrá sig.



Ingimar Guðmundsson

Verkefna- og kynningarstjóri ÍÆ • Stjórnsýslusvið

Samband íslenskra sveitarfélaga • Icelandic Association of Local Authorities

Sími / Tel.: (+354) 515 4900 • www.samband.is • thjonusta@samband.is

[Lagalegur fyrirvari](#) • [Legal Disclaimer](#)

Jafnréttisstofa 25 ára - Afmælisráðstefna í Hofi

From Jafnrétti - JAFNT <jafnretti@jafnretti.is>

Date Mon 2025-08-25 14:37

To Jafnrétti - JAFNT <jafnretti@jafnretti.is>

 1 attachment (44 KB)

25 ara_afmæli_Dagskra_Hofi.pdf;

Jafnréttisstofa boðar til ráðstefnu í tilefni af 25 ára afmæli undir yfirskriftinni JAFNRÉTTISBARÁTTA Á TÍMAMÓTUM: Er þetta ekki komið?

Sjá dagskrá í viðhengi

15. september

13:00-16:00

Hofi Akureyri

[Skráning](#) er opin til og með 12. september.

Öll velkomin.

	JAFNRÉTTISSTOFA 25 ÁRA	15. SEPTEMBER 13:00-16:00
		HOFI AKUREYRI

Afmælisráðstefna Jafnréttisstofu

JAFNRÉTTISBARÁTTA Á TÍMAMÓTUM:

Er þetta ekki komið?

OPNUNARÁVARP

Martha Lilja Olsen,
framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu

ERINDI

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir
Ferðalag kvenna frá jaðrinum inn að miðju. Áskoranir og árangur.

PALLBORD

Jafnrétti í nýju ljósi:
Kynbundið ofbeldi á tímum stafvæðingar og gervigreindar
Umræður um stafrænt ofbeldi

- Drífa Snædal, talskona Stígamóta
- Jón Ingvi Ingimundarson, verkefnastjóri hjá Jafnréttisstofu
- París Anna Bergmann, menntaskólanemi og aktivisti
- Rannveig S. Sigurvinsdóttir, dósent við sálfræðideild Háskólans í Reykjavík
- Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, dómsmálaráðherra

Stjórnandi pallborðs: Hjalti Ómar Ágústsson

LOKAÁVARP

Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir,
dómsmálaráðherra



SKRÁNING HÉR:

[https://www.jafnretti.is/is/moya/
formbuilder/index/index/afmaelis-
radstefna-jafnrettisstofu](https://www.jafnretti.is/is/moya/formbuilder/index/index/afmaelis-radstefna-jafnrettisstofu)

Léttar veitingar og samvera
að ráðstefnu lokinni.